

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. júlí 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-35/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 13. maí 2016 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst riftunar.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 26. maí 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 14. júní 2016. Hinn 21. júní 2016 var álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andvaranna. Hann nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 9. september 2016, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 þann 12. janúar 2016 af seljanda fyrir 300.000 krónur. Samkvæmt meðfylgjandi greiðslukvittun greiddi álitsbeiðandi samtals 320.691 krónur við kaupin, þar af 300.000 krónur samkvæmt kaupsamningi og 20.691 krónur í bifreiðagjöld. Bifreiðin er af gerðinni Dodge Intrepid 2.7L V6, árgerð 2000 og hafði verið ekin 243.000 km. á kaupdegi. Við kaupin lágu fyrir upplýsingar úr aðalskoðun hjá Frumherja sem álitsbeiðanda var tjáð að hann mætti líta á sem söluskoðun. Þar voru aðeins gerðar athugasemdir við stýrisenda bifreiðarinnar og lét álitsbeiðandi skipta um stýrisenda er hann hafði fengið bifreiðina afhenta.

Skömmu eftir kaupin kveðst álitsbeiðandi hafa orðið var við mjög marga alvarlega galla á bifreiðinni. Gallarnir felast að hans sögn í því að ventlaloðspakkning báðum megin er léleg, kælivatn lekur hjá vatnsláshúsi, gat er á písti, hvarfakútur skemmdur, bensín fer í pístið og lekur út um skemmdir, bremsudiskar að framan ónýtir og neista, bremsurör eru ryðguð, sjálfsskipting lekur, báðar jafnvægisstangir að aftan vantar, trissuhjól fyrir vatnsdælu og tímakedju er skakkt, hægri driföxull er laus, olúpanna lekur gegnum gamla skemmd, sprunga er í felgu sem falin var með hjólkoppi og að lokum festist inngjafarbarki inni um viku eftir kaup sem var stutt frá því að valda slysi að sögn álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi segir að kostnaður við að gera við bifreiðina sé verulega hár og krefst riftunar á kaupunum vegna leyndra galla. Samkvæmt meðfylgjandi áætlun bifvélavirkja mun kostnaður varahluta vera 327.800 krónur án vinnu. Í þeim kostnaði er ekki tekinn með kostnaður fyrir viðgerð á bremsurörum, sjálfsskiptingu og varahlutir vegna viðgerðar á trissuhjóli. Þess ber þó að geta að bifvélavirkinn skoðaði ekki bifreiðina sjálfur heldur fór mat á áætluðum kostnaði fram út frá lista yfir ætlaða annmarka sem álitsbeiðandi afhenti honum.

Álitsbeiðandi krefst einnig endurgreiðslu á kostnaði sem hann hafi þegar eytt í bifreiðina, þ.e. við að skipt var um stýrisenda og gert við inngjafarbarka. Þá krefst

álitsbeiðandi bóta vegna slyshættu þar sem hann og aðrir hafi getað slasast vegna bremsuleysis, brunahættu o.fl. vegna leyndra galla.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að ásett verð bifreiðarinnar hafi verið mun hærra en álitsbeiðandi hafi keypt bifreiðina á þar sem bifreiðin var aðeins með hálfu skoðun fyrir árið 2016 vegna athugasemdar um lélega stýrisenda. Þá hafi bifreiðasalinn ítrekað við álitsbeiðanda að hann verði að skoða bifreiðina og kynna sér ástand hennar vel. Álitsbeiðandi hafi þá lýst því yfir að hann væri nemi í bifvélavirkjun og þekkti þetta vel enda ynni hann við bifreiðar. Þá hafi álitsbeiðandi selt bifreiðina þann 4. febrúar 2016 og sé því ekki lengur eigandi hennar. Öllum kröfum álitsbeiðanda er hafnað.

V

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina UE-200 þann 12. janúar 2016 af seljanda fyrir 300.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2000 og var því á 16 aldursári og hafði verið ekin 243.000 km. á kaupdegi. Bifreiðin fór í lögbundna aðalskoðun skömmu fyrir kaupin og kom ekkert í ljós í þeirri skoðun um annað en að gera verði við stýrisenda. Fljótlega eftir kaupin kveðst álitsbeiðandi hafa tekið eftir margvíslegum annmörkum á bifreiðinni, m.a. í ventlalokspakkningu, pústi, bremsudiskum, bremsurörum, sjálfsskiptingu, tryssuhjólí, ásamt inngjafarbarka o.fl. Krefst álitsbeiðandi riftunar vegna leyndra galla, auk endurgreiðslu á útlögðum kostnaði. Ekki hafa verið lögð fram gögn sem staðfesta að bifreiðin sé haldin þeim annmörkum sem álitsbeiðandi byggir á. Hins vegar hefur þeim ekki verið mótmælt af hálfu seljanda og verður því litið til frásagnar álitsbeiðanda við úrlausn málsins.

Álitsbeiðandi krefst einnig skaðabóta vegna hættu sem skapast hafi við akstur bifreiðarinnar. Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 48/2003 um neytendakaup, lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup og lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup. Nefndin hefur ekki heimild til að skera úr um bótaskyldu á öðrum grundvelli en fyrrgreind lög mæla fyrir um. Þá er krafa álitsbeiðanda svo órökstudd að nefndin telur sig tilneydda til að vísa henni frá. Álit nefndarinnar mun því aðeins taka til kröfu álitsbeiðanda um riftun á kaupunum vegna leyndra galla og endurgreiðslu á útlögðum kostnaði.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 12. janúar 2016, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kærunevndin álítur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

- „a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin; c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annarsvegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskýldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Nefndin getur ekki séð af gögnum málsins að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. og verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Í því sambandi ber að líta til þess að óvíst er hvort seljandi hafi haft vitneskju um umrædda annmarka þegar kaupin fóru fram, enda hafði bifreiðin farið í gegnum lögbundna aðalskoðun skömmu fyrir sölu þar sem aðeins voru gerðar athugasemdir við stýrisenda. Telur nefndin jafnframt ekki hægt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Um rúmlega 15 ára gamla bifreið er að ræða sem ekin hafði verið 243.000 km. á kaupdegi. Ekki er unnt að ætlast til þess að bifreiðar sem hafa náð þeim aldri og verið keyrðar slíkar vegalengdir muni ekki þarfnast viðhalds eða viðgerða sem jafnframt geta orðið kostnaðarsamar. Nefndin lítur svo á að þeir annmarkar sem álitsbeiðandi kveður vera á bifreiðinni falli undir það sem kalla má eðlilegt og fyrirsjáanlegt viðhald þegar litið er til aldurs, mikillar keyrslu og kaupverðs bifreiðarinnar. Þá er stór hluti þeirra annmarka, sem álitsbeiðandi telur vera galla, þess eðlis að að álitsbeiðandi hafi mátt verða þeirra var við skoðun áður en kaupin fóru fram. Gaf hár aldur og mikil keyrsla bifreiðarinnar álitsbeiðanda sérstakt tilefni til að skoða hana ítarlega og jafnvel fara með hana í ástandsskoðun áður en hann festi kaup á henni. Hefur vanræksla á skoðunarskýldu álitsbeiðanda sérstaka þýðingu ef litið er til þess að álitsbeiðandi hefur nokkra þekkingu á bifreiðum vegna náms í bifvélavirkjun.

Af framangreindu álítur nefndin að bifreiðin hafi ekki verið haldin galla við kaupin enda hafi ástand hennar ekki verið til muna verra við kaupin en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-liður 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Álitsbeiðandi krefst einnig endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, sem litið verður á sem skaðabótakröfu í máli þessu, vegna viðgerðar á stýrisenda og inngjafarbarka. Áður en álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni var honum ljóst að gera yrði við stýrisenda þar sem bifreiðin hafði ekki komist í gegnum lögbundna skoðun vegna þeirra annmarka. Þar sem sá annmarki lá fyrir við kaupin verður ekki litið á hann sem galla. Þá er krafa um kostnað vegna viðgerðar við inngjafarbarka órökstudd og engin gögn fylgja til staðfestingar á þeirri greiðslu. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sökum

Þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VI
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson